

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð Ársæls Jónassonar kafara.

1. gr.

Samkvæmt fyrimælum í erfðaskrá Ársæls Jónassonar, kafara og björgunarsérfræðings kt. 021001-2449, Hringbraut 63, Reykjavík, sem andaðist 3. mars 1990, runnu allar eftirlátnar eigur hans í minningarsjóð er ber nafn hans.

Þær eignir sem runnu til sjóðsins voru eftirtaldar:

Fasteignir:

Hringbraut 63, efri hæð, kjallari og bílskúr.

Hluti lóðarinnar Vesturgötu 24, Reykjavík.

Hluti jarðarinnar Mið-Meðalholts í Flóa.

Hluti jarðarinnar Þingdals í Flóa.

Hluti jarðarinnar Tortu í Biskupstungum.

Samtals að fasteignamati 1. desember 1993 kr. 8.994.000

Inneign í verðbréfasjóði þann 28. desember 1994 kr. 28.500.000

Hlutabréf þann 28. desember 1994 kr. 705.000

Að auki ýmsir lausamunir í búinu, svo sem innbú, sérslegin mynt o.fl.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn:

Formaður tilnefndur af Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Ferðafélag Íslands og Björgunarsveitin Ársæll tilnefna 2 menn hvor. Skal vilja gefanda um skipan í stjórn samkvæmt erfðaskrá, gætt eins lengi og kostur er.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja menningar- og mannúðarstarfsemi, sem stofnanda var hugleikin, á þann hátt sem mælt er fyrir í næstu grein.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að úthluta árlega um helmingi tekna sjóðsins og skal Björgunarsveitin Ársæll njóta úthlutunar annað árið en Ferðafélag Íslands njóta úthlutunar hitt árið. Skal úthlutun nýtt í anda vilja gefanda.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimil ráðstöfun eigna að fengnu samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

6. gr.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar á sem bestan og tryggastan hátt.

7. gr.

Stjórn sjóðsins kemur saman svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en árlega. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert og skulu þá liggja fyrir reikningar liðins árs, áritaðir af skoðunarmanni.

8. gr.

Breytingu á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera að stjórn sjóðsins samþykki þær einróma. Breytingar á skipulagsskrá öðlast gildi að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi fyrir Minningarsjóð Ársæls Jónassonar kafara, kemur í stað samnefndrar skipulagsskrár frá 29. desember 1994, nr. 702 í B-deild Stjórnartíðinda 1994.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. maí 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.